

RÍÓ

287 tbl. desember 2017

MYNDIR

mánaðarins



LAST CALL PITCHES

PITCH PERFECT 3



WRIGLEY'S
Extra[®]

**TYGGÐU EXTRA EFTIR
HVERJA MÁLTÍÐ UM JÓLIN**



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylytols sem
aðalsætefnis í tyggigúmmii

HEIÐA RÚN

STELLA BLÓMKVIST

Sjónvarp Símans Premium

Í fyrsta sinn í íslensku sjónvarpi
kemur heil þáttaröð inn í einu

Ný íslensk leikin þáttaröð. Stella Blómkvist er lögfræðingur
sem tekur að sér erfið mál og vilar ekki fyrir sér að beita
brögðum til að fá sínu framgengt.

siminn.is/premium



Símenn

A Viaplay
ORIGINAL

RED ARROW
INTERNATIONAL



HAGKAUP



Útgefið í desember

DVD

1.12.	Glerkastalinn	Myndform	Sannsögulegt	12 ára	12
1.12.	Hneturánið 2	Sena	Teiknimynd	Leyfð	18
7.12.	American Assassin	Myndform	Spenna / Hasar	16 ára	22
7.12.	Emoji-myndin	Sena	Teiknimynd	Leyfð	24
14.12.	The Big Sick	Myndform	Gaman / Rómantik	Leyfð	28

VOD

1.12.	Glerkastalinn	Myndform	Sannsögulegt	12 ára	12
1.12.	Unlocked	Sena	Spenna / Hasar	12 ára	14
1.12.	Borg vs. McEnroe	Sena	Sannsögulegt	Leyfð	16
1.12.	Tulip Fever	Sena	Drama / Rómantik	12 ára	16
1.12.	Hneturánið 2	Sena	Teiknimynd	Leyfð	18
1.12.	Between Two Worlds	Myndform	Drama / Rómantik	Leyfð	19
1.12.	Alvinnn!!! og íkornarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	19
1.12.	Holiday Road Trip	Sena	Jólamynd	Leyfð	20
1.12.	A Christmas in Vermont	Sena	Jólamynd	Leyfð	20
1.12.	Christmas Lodge	Sena	Jólamynd	Leyfð	21
7.12.	Christmas Miracle	Sena	Jólamynd	Leyfð	21
7.12.	American Assassin	Myndform	Spenna / Hasar	16 ára	22
7.12.	Emoji-myndin	Sena	Teiknimynd	Leyfð	24
7.12.	Christmas on the Bayou	Sena	Jólamynd	Leyfð	26
7.12.	The Christmas Switch	Sena	Jólamynd	Leyfð	26
8.12.	Gearheads	Myndform	Drama / Hasar	Leyfð	27
8.12.	Hrói höttur	Myndform	Barnaefni	Leyfð	27
14.12.	The Big Sick	Myndform	Gaman / Rómantik	Leyfð	28
14.12.	Bílar 3	S & V	Teiknimynd	Leyfð	30
14.12.	Band Aid	Sena	Drama / Gaman	16 ára	31
14.12.	Crash Pad	Sena	Gaman / Farsi	16 ára	31
14.12.	A Christmas Wedding Date	Sena	Jólamynd	Leyfð	32
14.12.	Defending Santa	Sena	Jólamynd	Leyfð	32
14.12.	A Husband for Christmas	Sena	Jólamynd	Leyfð	33
15.12.	The Limehouse Golem	Myndform	Morðgáta	16 ára	34
15.12.	Churchill	Myndform	Sannsögulegt	9 ára	35
15.12.	Kata og Mummi	Myndform	Barnaefni	Leyfð	35
15.12.	Rökkur	Sena	Tryllir / Morðgáta	16 ára	36
18.12.	Dunkirk	S & V	Sannsögulegt	12 ára	38
22.12.	Stronger	Myndform	Sannsögulegt	12 ára	40
22.12.	Tashi	Myndform	Barnaefni	Leyfð	41
22.12.	Love on the Run	Myndform	Gaman / Rómantik	12 ára	41
29.12.	Enclave	Myndform	Drama	12 ára	42
29.12.	The Shadow Effect	Myndform	Spenna / Hasar	16 ára	42
29.12.	Stór og Smár	Myndform	Barnaefni	Leyfð	43



MYNDIR MÁNAÐARINS

287. tbl. desember 2017

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 22.000 eintök



**TVÆR
FRÁBÆRAR
Á DVD/VOD Í DESEMBER**



MYNDFORM



RÍFÐU Í ÞIG EINA MEÐ RÆMUNNI

Fátt passar betur með bíómynd en góð pizza. „Skelltu spólunni í tækid“ og þantaðu á dominos.is eða í gegnum Domino's appið.



Domino's®

www.dominos.is · Domino's app · sími 58 12345

Stjörnuþá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú lætur ekki þitt eftir liggja, og manst eftir að ganga frá skærnum og límbandsstatfinu aldrei þessu vant. Þú gefur öllum í fjölskyldunni spíladósir í jólagjöf.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Það eru talsvert margar jólakúlur í stjörnukortunum hjá þér þessa dagana sem ætti að gefa þér einhverjar vísbendingar um hvað muni gerast hjá þér á næstunni.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Hrútar sem komnir eru með skalla ættu að íhuga að fjárfesta í kollu fyrir jólin. Aðrir hrútar eru áminntir um að bursta í sér tennurnar, helst með meðalmjúkum tannbursta.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Ef þú heldur þig á mottunni meiri hluta mánaðarins þá er aldrei að vita nema þú fái tólf-mánaða biókort í jólagjöf. Væri það ekki gaman? Farðu út að hlaupa ef þér leiðist.



Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Það bendir ýmislegt til að þú lendir í talsverðum vatnavöxtum í desember, annað hvort fyrir austan eða þegar þú heimsækir einhvern út á nes. Þú færð steypubil í skóinn.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Ungt fólk sem fætt er í krabbamerkinu þarf að spyrja sig margra spurninga upp úr tíunda desember. Íhugaðu að breyta algerlega um stefnu á næstu gatnamótum.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Mundu hvað þú gerðir við merki-miðana frá því í fyrra áður en þú kaupir fleiri. Leggðu áherslu á að fá mótorhjól í jólagjöf og þá er aldrei að vita nema einhver gefi þér skiði.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Desember er ekki rétti tíminn til að fá í bakið og því skaltu fresta því fram í janúar. Þú lærir að þrjóna og gefur öllum sem þú þekkir græna eða rauðleita lопасokka í jólagjöf.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Leggðu áherslu á að pakka öllum jólagjöfunum þínum inn í hvítan jólapappír með gylltum stjörnum og setja á þá silfraða borða því þá mun allt annað ganga upp hjá þér.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú færð alveg frábæra hugmynd í jólagjafastússinu en gleymir henni áður en þú kemur heim. Þú gerir allt sem þú getur til að gleðja aðra, sérstaklega fólk sem býr á Dalvík.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Stjörnur gefa greinilega í skyn að þú þurftir að búa þig undir eitt-hvað sem annað hvort kemur eða kallar þann átjándadag. Ef þú átt bíl þá þarftu að láta tékka á pönnunni.



Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Það gengur allt upp hjá þér í desember nema eitthvað plott varðandi einhvern Hallmund. Hættu bara við það. Mundu að ganga hægt inn um allar dyr. Gleðileg jól.

Minningar mánaðarins



Fyrsta leikhlutverk Brie Larson var í þáttum Jays Leno árið 1997 þegar hún var átta ára. Þá lék hún í nokkrum grínauglýsingum fyrir *The Tonight Show* og er myndin hér að ofan úr einni þeirra. Við vitum því miður ekki hvað stúlkan sem lék með henni í þessari heitir.



Þau Dylan O'Brien og Britt Robertson hittust fyrst árið 2011 þegar þau léku Aubrey og Dave sem urðu ástfangin hvort af öðru í myndinni *The First Time*. Þau urðu svo ástfangin hvort af öðru í alvörðunni og hafa verið saman síðan þá.

Þegar Bill Nighy útskrifaðist úr framhaldsskóla var hann ákveðinn í að verða blaðamaður. Þegar það gekk ekki upp ákvað hann að verða rithöfundur enda hafði hann unun af því að lesa góðar skáldsögur. Hann hefur sjálfur sagt frá því að til að fá andann yfir sig hafi hann eitt sinn skrpað saman þeim pundum



sem hann gat og haldið til Parísar. Þar leigði hann sér herbergi með rúmi og skrifborði og hóf að skrifa skáldsöguna „Skáldsagan mikla“ eða *The Great Novel*. Eftir nokkrar vikur var peningurinn hins vegar búinn og þurfti Bill að leita til breska sendiráðsins til að komast aftur heim. Og þar sem hann hafði aldrei komist lengra með skáldsöguna en að ákveða titilinn hætti hann við rithöfundardraumana og skellti sér í leiklistarnám í staðinn. Þetta var árið 1971 þegar hann var 22 ára og það fylgir sögunni að sendiráðið hafi sent pabba hans reikninginn sem var upp á 25 pund.




Shia LaBeouf var aðeins sextán ára þegar hann tókst á við sitt fyrsta aðalhlutverk í bíómynd eftir að hafa leikið lítil hlutverk í ýmsum sjónvarpsþáttum, t.d. *ER*, *Freaks and Geeks* og *The X-Files*, frá ellefu



ára aldri. Myndin var *Holes* sem varð síðan ákaflega vinsæl enda sérlega góð, en við gerð hennar gekk mótaleikari hans, Jon Voight, honum nánast í föðurstað og hefur Shia síðan kallað hann sinn annan föður. Hann er því í þeim skilningi stjúppróðir Angelínu Jolie.



Jake Gyllenhaal, sem verður 37 ára 19. desember, á 27 ára leikferil að baki enda lék hann í sinni fyrstu mynd, *City Slickers*, aðeins tíu ára að aldri. Hann sló svo í gegn 21 árs í sínu fyrsta aðalhlutverki, þ.e. í myndinni *Donnie Darko*, þar sem hann lék á móti systur sinni Maggie í fyrsta og eina skiptið hingað til.



Nú eru liðin 100 ár síðan Charlie Chaplin sendi frá sér stuttmyndina *Easy Street* þar sem karakterinn sem hann er þekktastur fyrir að hafa skapað, umrenningurinn útskeifi með hattinn og stafinn, gerðist lögreglumaður og kom á lögum og reglu við samnefnt stræti þar sem ónefnd ofbeldisbulla sem Eric Campbell lék ógnaði nágrönnum sínum stanslaust. Þegar þarna var komið sögu á ferli Chaplins voru þrjú ár liðin síðan hann birtist fyrst sem umrenningurinn í myndinni *Strange Predicament* eftir Mabel Normand og hafði Chaplin síðan gert nokkrar stuttmyndir um hann. Segja má að vinsældir *Easy Street* hafi endanlega fest þennan karakter í sessi enda sneri Chaplin sér alfarið að gerð myndna um hann eftir þetta og átti á næstu 19 árum eftir að skapa með honum nokkrar af bestu bíómyndum sögunnar.

Líka með jólamyndum



Litríkt bíónammi




Ég held ég geti alveg fullyrt að ég hafi alltaf verið stillt og prúð sem unglingur. Það var ekki til uppveisn í mér enda fékk ég alltaf að gera það sem ég vildi gera og var því alltaf ánægð með allt.

- *Brie Larson, um unglingsárin.*




Ég hlusta bara á einn gagnrýnanda, mómmu.

- *Naomi Watts.*



Já, en mér hafa bara aldrei verið boðin nein hlutverk. Öll hlutverk sem ég hef fengið hafa komið eftir margar áheyrnarprufur, oftast af lengri gerðinni, og mikla baráttu. Og ég hef tapað hundrað sinnum oftar en ég hef unnið.

- *Dylan O'Brien, spurður hvornig það sé að vera kominn á stall með þeim sem geta valið úr tilboðum.*




Þeir sem skrifa verkin eru hetjurnar mínar. Ég leik fyrir þá, reyni að ljá persónunum sem þeir sköpuðu þá rödd og það vægi sem þeir vildu að þær hefðu. Þetta hefur alltaf verið mín filósófía gagnvart leiklistinni, að leika fyrir höfundana og gera þá ánægða.

- *David Suchet.*



Ég vil helst vera heima. Sem allra mest. Það er engin traffík þar.

- *Kumail Nanjiani, sem segist vita fátt leiðinlegra en að vera fastur í umferðarhnút.*



Ég hef tvisvar leikstýrt, en geri það ekki aftur. Það var allt of orkufrekt.

- *Brian Cox.*




Mér finnst það áberandi að leikarar sem veljast helst til að leika vonða fólk eru oftast besta fólk-ið í raunveruleikanum – og öfugt.

- *Jonathan Rhys Meyers.*



Leikarastarfið er hvítflibbustarf. Maður mætir í það í jakkafötum.

- *Bill Nighy, sem hefur tvisvar hlotið titilinn best klæddi Bretinn.*



Það er mikilvægt að fólk gleymi aldrei svona atburðum í sögunni.

- *Fionn Whitehead, sem leikur stórt hlutverk í myndinni Dunkirk.*




Mér leiðast fréttir af kvikmyndum og leikurum sem snúast um peninga, svona fréttir eins og hvað þær kostuðu og hvað leikararnir fengu borgað. Ég hef engan áhuga á þessu þegar ég horfi á kvikmynd. Ég hef áhuga á sögunni.

- *Holly Hunter.*



Ég trúir því að því minna sem fólk veit um mann því auðveldara sé að fá það til að trúna að persónan sem maður er að leika sé raunveruleg.

- *Cillian Murphy, sem svarar engum spurningum um einkalíf sitt.*



Ég er hræddur við margt. Ég er til dæmis alltaf hræddur þegar ég er að leika ... óttast alltaf að ég sé ekki að ná þessu. En þá hugsa ég með mér hvers konar forréttindi það eru að geta starfað sem leikari og það hjálpar mér yfir hræðsluköstin.

- *Jake Gyllenhaal, spurður við hvað hann sé hræddastur.*



Richard Pryor er minn uppáhaldsleikari. Ég ætla mér að gera mynd um hann einhvern tíma.

- *David Gordon Green.*



Það er enginn eins og Johnny og það eru algjör forréttindi að vinna með honum, sjá hvornig hann nálgast hlutina og læra af honum.

- *Orlando Bloom, að tala um Johnny Depp.*



Ég hef verið hræddur alla ævi. Ég er alltaf hræddur við eitthvað nema þegar ég er að leika og þykjast vera einhver annar en ég er. Ef ég hefði það ekki þá væri ég bara einhvers staðar á bak við vegg, skíthræddur við allt og alla.

- *Shia LaBeouf.*



Mér líkar við það viðhorf að ekkert geti verið fullkomið og að það sé alltaf hægt að gera betur. Hins vegar hef ég um leið orðið vitni að fullkomnun, sérstaklega í list.

- *Jack O'Connell.*



Þegar ég verð uppgefin eða þá þyrmir yfir mig af einhverjum ástæðum þá fæ ég mér göngu um strendurnar við Sydney og tek brimbrettið með. Þá öðlast maður endurnýjaðan skilning á því um hvað þetta snýst allt saman í raun.

- *Toni Collette.*

Ást við fyrstu sýn

Egils



Egils Malt og Appelsín



Á meðan við hér á Íslandi þurfum að þola fyrstu meiriháttar snjókomu vetrarins og tilheyrandi vetrarkulda spókaði Olivia Wilde sig á brimbrettinu á Hawaii 23. nóvember.



Á sama tíma var Anna Kendrick hins vegar í Vancouver í Kanada að taka upp skautaatriði í myndinni *Noelle* eftir Marc Lawrence, en í henni leikur Anna dóttur jólasveinsins.



Bræðurnir James og Dave Franco voru hinir hressustu þegar þeir sóttu forsyningu myndar sinnar *The Disaster Artist* í London 22. nóvember, en hún hefur hlotið frábærar viðtökur.



New York-búinn Reese Witherspoon var aldrei þessu vant stödd í Beverly Hills 22. nóvember, e.t.v. til að ganga frá samningsatriðum í tengslum við myndir sínar *Tinkerbell* og *Wish List*.



Lily Collins og Robert Pattinson stilltu sér upp saman í Santa Monica 21. nóvember þar sem þau sóttu ásamt mörgum frægum uppboð á vegum Go Campaign-góðgerðarsamtakanna.



Jessica Alba sótti hins vegar viðburð á vegum barnavörfyrirtækisins The Honest Company í Los Angeles 18. nóvember, en hún á eins og sést von á sínu þriðja barni innan tíðar.

Hver er þér
svo kær?

NÓA
Konfekt

GOTT AÐ GEFA - HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

Lífið er skóli

Glerkastalinn (*The Glass Castle*) er byggð á æviminningum og samnefndri metsöluþók Jeannette Walls sem kom út í Bandaríkjunum árið 2005 og á Íslandi hjá JPV-útgáfunni árið 2008 í alveg sérlega góðri þýðingu Önnu Maríu Hilmarsdóttur.

Jeannette Walls fæddist árið 1960 og ólst upp ásamt þremur systkinum í mikilli fátækt, óreiðu og afskiptaleysi. Faðir þeirra var drykkfelldur skýjaglópur sem hélt hvergi í vinnu og móðirin sagðist vera listakona þótt hún skapaði aldrei neitt af viti og virtist reyndar hvorki vita í þennan heim né annan löngum stundum. Fjölskyldan festi hvergi rætur, var stöðugt að flytja (flytja) og hvorki Jeannette né systkini hennar gengu í skóla á uppvaxtarárunum. Svo fór líka að þau lærðu fljótt að standa á eigin fótum og flúðu öll foreldra sína um leið og þau gátu, en Walls-hjónin dagaði síðan uppi sem hústökufólk í New York.



Glerkastalinn

Sannsöguleg



Aðalhlutverk: Brie Larson, Naomi Watts, Woody Harrelson, Sarah Snook, Max Greenfield, Joe Pingue, Ella Anderson, Chandler Head, Sadie Sink og Iain Armitage **Leikstjórn:** Destin Daniel Cretton **Útgefandi:** Myndform

1. desember



Woody Harrelson leikur hinn rótlausa Rex Walls, sem sagðist reyndar vera „athafnamaður“ þótt hann gerði aldrei neitt af viti. Það er Ella Anderson sem leikur Jeannette þegar hún var 12 ára.

Veistu svarið?

Brie Larson sem leikur aðalhlutverkið í *Glerkastalinn* er frábær leikkona sem hlaut bæði Óskars-, Golden Globe- og BAFTA-verðlaunin fyrir aðalhlutverk í fyrra. Fyrir leik í hvaða mynd?



woody



Brie Larson leikur Jeannette Walls eftir að hún hafði komið undir sig fótunum og byrjaði að skrifa æskuminningar sínar.

Punktar

- ★★★★1/2 - *New York Daily News* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*
- ★★★★ - *Time Out* ★★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter*
- ★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *New York Times*

• Þeir fjölmörgu Íslendingar sem lesið hafa bókina sem myndin er gerð eftir vita að þrátt fyrir að æska Walls-systkinanna hafi að mörgu leyti verið dapurleg vegna vanrækslu foreldranna er sagan um leið bæði fyndin og hlý því þrátt fyrir allt voru foreldrar þeirra ekki vont fólk þótt þau hafi aldrei getað gert neitt af neinu viti eða fyrirhyggju. Þau voru bara eins og þau voru og þótt ástandið á „heimilinu“ hafi oft og tíðum verið bæði hörmulegt og sorglegt þá innihélt líf þeirra bæði hómor og ást sem skilar sér vel í sögunni.



Walls-fjölskyldan árið 1972 þegar Jeannette var tólf ára, en stöðugir flutningar settu mark sitt á uppeldi barna þeirra Rex og Rose Walls.




Gleðileg jól!

Jólaísinn frá Kjörís er hreint út sagt ómótstæðilegur. Í ár hringjum við inn hátíð ljóss og fríðar með hátíðaris með karamellusnúningi. Það er góður síður að gera sér dagamun yfir jólin með ábætisrétti að lokinni máltíð – eða með örliðu góðgæti eftir annasaman dag. Hvort sem þú kýst heldur, þá er alltaf tími fyrir jólaís.

JÓLAÍÐS

med
karamellu





Unlocked

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Noomi Rapace, Orlando Bloom, Michael Douglas, Toni Collette og John Malkovich **Leikstjórn:** Michael Apted
Útgefandi: Sena

1. desember



Toni Collette er í einu af þremur stærstu aukahlutverkunum í myndinni en í hinum eru þau Michael Douglas og John Malkovich.

Veistu svarið?

Eins og margir vita ólst leikkonan Noomi Rapace upp á Íslandi til fimmtán ára aldurs þegar hún flutti til Svíþjóðar en leiklistaráhugi hennar kviknaði þegar hún lék lítið hlutverk í íslenskrí mynd árið 1987, átta ára gömul. Hvaða mynd er um að ræða?



skjupmij obdngj

Hver einasta mínúta gæti orðið sú síðasta

Þegar yfirheyrslusérfræðingurinn Alice Racine, sem vinnur fyrir CIA, er kölluð til að yfirheyrja meintan hryðjuverkamann áttar hún sig ekki fyrr en of seint á því að yfirheyrslan er í raun gildra, sett á svið til að veiða upplýsingar upp úr henni sjálfri.

Þannig hefst njósnatryllirinn *Unlocked* eftir leikstjórnann Michael Apted sem á langan feril og margar góðar myndir að baki eins og t.d. *Coal Miner's Daughter*, *Gorky Park*, *Gorillas in the Mist*, *Blink*, *Extreme Measures*, *Enigma* og fleiri. *Unlocked* er þrælgóð mynd fyrir þá sem vilja spennu, hasar, óvænta atburðarás og fléttur.

Um leið og Alice áttar sig á að hún hefur gengið í gildru og í raun gefið hryðjuverkamönnum mikilvægar upplýsingar í stað þess að afla þeirra eins og starf hennar snýst um kemur í ljós að í bígerð er að gera sýklavopnaárás á London sem myndi hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér. Þá áætlun þarf að stöðva en vandamálið er að nú veit Alice ekki lengur hverjum hún getur treyst ...



Noomi Rapace leikur yfirheyrslusérfræðinginn Alice Racine sem kemst á snoðir um áætlun um að gera sýklavopnaárás á London og á eftir það fullt í fangi með að halda lífi.

Punktar

★★★1/2 - *Chicago Tribune* ★★★1/2 - *Village Voice*

- Handrit *Unlocked* er eftir Peter O'Brien og var árið 2008 á svarta listanum í Hollywood yfir áhugaverðustu ókvikmynduðu handritin.
- Myndin inniheldur nokkur hörkugóð hasar- og slagsmálaatriði og við tókur á einu þeirra fékk Noomi Rapace vænt högg með þeim afleiðingum að hún nefbrotnaði og vankaðist um leið. Eftir að hafa jafnað sig og í ljós kom að henni hafði ekki orðið meira meint af högginu en að nefbrotna héldu tókur áfram eins og ekkert hefði í skorist og hún lét ekki laga brotið fyrr en eftir að þeim lauk.



Orlando Bloom leikur fyrrverandi sérsveitarmann sem býðst til að aðstoða Alice, en hún á erfitt með að treysta honum.



Nýtt!
Takmarkað
magn



Jóla kremkex frá Frón

Fyrir jólin fæst hið klassíska kremkex frá Frón í sérstakri jólaútgáfu.
Prófaðu gómsætt kremkex með ljúffengu vanillukremi og keim af kanil og negul.

Fæst í næstu verslun í takmörkuðu magni.





Borg vs. McEnroe

Viðureignin sem enginn gleymir

Úrslitaleikurinn á Wimbledon-tennismótinu í London 5. júlí 1980 er einn mest spennandi íþróttaviðburður sögunnar en í honum mættust hinn rólyndi Svíi Björn Borg og hinn skapstóri Bandaríkjamaður John McEnroe.

Hér fá áhorfendur að kynnast forsögunni að þessum magnaða úrslitaleik á Wimbledon-mótinu árið 1980 og um leið er skyggst á bak við tjöldin í lífi beggja keppenda og hvað þeir þurftu að leggja á sig til að ná upp á toppinn í tennisheiminum, en þeir Björn Borg og John McEnroe þóttu eins ólíkar manngerðir og hugsast gat. Myndin er afar sannferðug í alla staði, frábærlega sviðsett og leikin, auk þess sem hún varpar ljósi á hluti sem hafa verið á fárra vitorði hingað til, sérstaklega hvað varðar tengsl þeirra Björns og Johns utan sviðsljóssins ...

Punktur

★★★★ - CineVue ★★★★★ - Total Film ★★★★★1/2 - Variety ★★★★★ - Empire

★★★★ - Hollywood Reporter ★★★★★ - Screen ★★★★★ - Time Out

• Þeir Björn Borg og John McEnroe höfðu fyrir úrslitaleikinn á Wimbledon 1980 mæst sjö sinnum áður á tennismótum og var staðan í innbyrðis viðureignum þeirra 4-3 fyrir Borg. Alls mættust þeir síðan 22 sinnum á ferlinum ef öll mót eru talin með, svo og sýningarleikir, og unnu hvor um sig ellefu leiki. Vegna þess hversu ólíkar persónur þeir voru, Borg þessi rólega og yfirvegaða týpa á meðan McEnroe var afar skapbráður og frægur fyrir útistöður sínar og háværar deilur við dómara á leikjum sínum, var fljótlega byrjað að tala um að viðureignir þeirra væru eins og barátta á milli íss og elds.




Shia LaBeouf og Sverrir Gudnason þykja báðir alveg frábærir í hlutverkum Johns McEnroe og Björns Borg.

VOD L @*! 107 mín

Aðalhlutv.: Shia LaBeouf, Sverrir Guðnason og Stellan Skarsgård **Leikstjórn:** Janus Metz **Útgefandi:** Sena

Sannsógulegt

1. desember



Tulip Fever

Ást, svik og blekking – og túlípanar

Þegar hinn auðugi Cornelis Sandvoort ræður ungan listmálara til að mála mynd af sér og eiginkonu sinni, hinni ungu og munaðarlausu Sophiu, hefst óvænt ástarævintýri sem breytist brátt í afdrifaríkan blekkingarleik.

Tulip Fever er eftir verðlaunaleikstjórnann Justin Chadwick en handritshöfundur er Tom Stoppard sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrir handritið að *Shakespeare in Love* og skrifaði einnig m.a. handrit myndanna *Brazil* og *Empire of the Sun*.

Alicia Vikander leikur hér hina munaðarlausu Sophiu sem telst heppin þegar hinn auðugi Cornelis Sandvoort (Christoph Waltz) tekur hana sér fyrir konu. Þegar Cornelis ákveður að láta mála mynd af þeim hjónum og ræður til verksins ungan listmálara að nafni Jan Van Loos (Dane DeHaan) vandast málin því Jan verður þegar ástfanginn af hinni fögru Sophiu – og setur í gang óvænta atburðarás ...

Punktur

★★★★1/2 - New York Observer ★★★★★1/2 - Entertainment Weekly

• Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu enska rithöfundarins Deborah Moggach, en hún skrifaði m.a. einnig bókina *These Foolish Things* sem hin skemmtilega mynd *The Best Exotic Marigold Hotel* var gerð eftir.

• Heiti myndarinnar er vísun í „túlípanamaníuna“ svonefndu sem gekk yfir Holland á fyrri hluta sautjándu aldar og segja má að sé ein fyrsta þekktu efnahagsbólán í sögunni.

• Þótt *Tulip Fever* sé að grunni til rómantísk ástarsaga inniheldur hún bæði góðan hómor, mikla spennu og bráðsniðugar sögufléttur sem renna saman í eina heild í lokin.



Christoph Waltz leikur hinn auðuga Cornelis Sandvoort og Alicia Vikander leikur eiginkonu hans, hina ungu og fögru Sophiu.

VOD 12 105 mín


Aðalhlutv.: Alicia Vikander, Dane DeHaan og Christoph Waltz **Leikstjórn:** Justin Chadwick **Útgefandi:** Sena

Rómantik / Drama

1. desember

Tími fyrir

TUC






Stöndum saman!

Íkorninn Surlí og hin dýrin í Eikarbæ hafa haft það gott frá því við hittum þau í samnefndri mynd árið 2014. Nú er tilveru þeirra hins vegar ógnað þegar borgarstjórinn í Eikarbæ ákveður að ryðja burt almenningsgarðinum sem þau búa í og nota svæðið í staðinn undir skemmtigarð. Það má auðvitað ekki gerast en hvað geta Surlí og hin dýrin gert í máluðum?

Teiknimyndin *Hneturánið* sem var frumsýnd sumarið 2014 kynnti til sögunnar íkornann snjalla, Surlí, sem er reyndar líka dálítill klaufi á köflum og frekar óheppinn í ofanálag. Surlí á sér tvö áhugamál, annars vegar hnetur og hins vegar fleiri hnetur, og það gerir hann ekki bara að sérfræðingi í hnetum heldur einnig að sérfræðingi í alls kyns hnetureddingum. En ef áætlun borgarstjórans gengur eftir sér Surlí fram á alvarlegan hnetuskort og því verður hann nú að leggja áhugamálin til hliðar og einbeita sér í staðinn að því að fá hin dýrin í garðinum, þar á meðal skapstöru músina Feng, til að sameinast í baráttunni við jarðýturnar – áður en það verður of seint.

Punktar

- *Hneturánið 2* er að sjálfsgöðu talsett á íslensku og eru það þau Magnús Jónsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Orri Huginn Ágústsson, Viktor Már Bjarnason, Þórhallur Sigurðsson, Ævar Þór Benediktsson, Vaka Vigfúsdóttir, Selma Björnsdóttir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Albert Halldórsson sem tala fyrir persónurnar, en leikstjóri talsetningar var Tómas Freyr Hjaltason.



Hneturánið 2


Teiknimynd



Teiknimynd með íslensku tali **Höfundar:** Cal Brunker, Bob Barlen, og Scott Bindley **Útgefandi:** Sena

1. desember





Between Two Worlds

Sumt gengur upp, sumt gengur miður

Ryan er ungur rithöfundur í ástarsorg sem er auk þess í ströggli við að ljúka við sína aðra bók áður en fresturinn til að skila henni til útgefandans rennur út. Þegar hann hittir hina jarðbundnu Önnu flækjast mál hans enn frekar.

Between Two Worlds er raunsæ ástarsaga sem gerist í hringiðu Lundúna og þykir bæði lýsa lífinu þar vel, ekki síst skemmtanalífinu, svo og ströggli fólks á þritugsaldri sem er að reyna að finna einhverja trausta fóttfestu í lífinu. Þau Chris Mason og Hannah Britland, sem eru meðal efnilegustu leikara Breta, þykja sýna ákaflega næman og góðan leik og smellpassar myndin fyrir þá sem kunna að meta sögur úr raunveruleikanum þar sem tekist er á við mál sem flestir ættu að kannast við.

Punktur

★★★★ - Total Film

• Sá sem leikur einn félagu Ryans, John, er Elliot John Gleave sem er betur þekktur sem breski rapparinn Example, og er þetta hans fyrsta hlutverk í bíómynd.



Það eru Hannah Britland og Chris Mason sem leika ástfangna parið Önnu og Ryan.



Aðalhlutv.: Chris Mason, Hannah Britland og Lucien Laviscount **Leikstj.:** James Marquand **Útg.:** Myndform

Rómantik / Drama


1. desember

Alvin!!! og íkornarnir

Teiknimyndasyrpa – sjöundi hluti með sjö þáttum

Stórskemmtileg teiknimyndasyrpa um ævintýri sex fjörugra íkornabarna sem eru stöðugt að lenda í alls konar ævintýrum og óvæntum uppákomum, uppeldisföður þeirra, honum Davíð, oftast en ekki til mikillar mæðu.

Þessir þættir komu fyrst út í mars 2015 og slógu þegar í gegn á bandarísku og frönsku Nickelodeon-sjónvarpsstöðvunum. Í framhaldinu hafa þeir verið sýndir víða og alls staðar verið vel tekið. Hér segir frá hinum einhleypa Davíð sem tekið hefur að sér að ala upp sex íkornakrakka, þrjá stráka og þrjár stelpur. Það gengur því að sjálfsögðu mikið á á heimilinu því íkornakrakkarnir eru hugmyndaríkir með eindæmum og óhræddir við að feta nýjar slóðir í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur. En stundum þrýtur Davíð þolinmæðina gagnvart uppátækjum íkornakrakkanna sinna og þegar það gerist kallar hann yfir sig: „ALVINNN!!!“



Teiknimynd með íslensku tali um sex íkornakrakka og ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

1. desember



Holiday Road Trip

Leitaðu ekki langt yfir skammt

Pau Patrick og Maya eru starfsmenn fyrirtækis sem framleiðir gæludýravörur og kemur ekkert allt of vel saman, enda ólík að upplagi. Þegar eigandi fyrirtækisins sendir þau saman í kynningarferð fyrir jólin breytist allt.

Það er fátt notalegra í aðdraganda jóla en að láta fara vel um sig og fjölskylduna og horfa á ekta jólamyndir þar sem hinn eini og sanni jólaandi svífur yfir vötnum. Núna í desember koma út á VOD-leigunum níu nýjar jólamyndir sem kynntar eru hér í blaðinu og er *Holiday Road Trip* sú fyrsta. Þetta er ljúf, myndin og rómantísk mynd um mann og konu sem hafa reynt ýmislegt í lífinu og hefðu ekki getað látið sér til hugar koma að þau myndu falla hvort fyrir öðru. En ævintýrin gerast enn ...

Punktur

- Takið eftir Shelley Long í hlutverki móður Mayu, Cynthiu, en Shelley er best þekkt fyrir að leika Diönu Chambers í *Staupasteins-gamanþáttunum* (*Cheers*).




Þrátt fyrir upphaflegt ósætti eiga þau Maya og Patrick eftir að ná vel saman.



Aðalhlutverk: Ashley Scott, Patrick Muldoon og Kip Pardue **Leikstj.**: James Marquand **Útgefandi:** Sena

Jólamynd

1. desember



A Christmas in Vermont

Veldu það rétta

Riley Thomas vinnur hjá fjárfestingarfyrirtæki í eigu hins giruga Prestons Bullock sem hugsar um fátt annað en gróða. Þegar Preston sendir Riley til lítils bæjar til að leysa upp lítið fyrirtæki lendir hún á milli steins og sleggju.

A Christmas in Vermont gerist í smábænum Chestnut, en þangað er Riley send til að loka fataframleiðslu og verslun sem Preston vill losna við. Hún villir í fyrstu á sér heimildir gagnvart forstjóra fyrirtækisins, Wyatt, en þegar hún áttar sig á því hversu mikilvægt fyrirtækið er fyrir hann, starfsfólkið og íbúa bæjarins fara að renna á hana tvær grímur. Þær efasemdir leiða til þess að hún hættir við áætlun sína, en hvernig í ósköpunum á hún að fá yfirmann sinn til að samþykkja það?

Punktur

- Fyrir utan gamla góða Chevy Chase leikur Morgan Fairchild stórt hlutverk í myndinni, en hún gerði m.a. garðinn frægan í *Falcon Crest*-sjónvarpsþáttunum.



Wyatt grunar ekki í fyrstu að Riley sé í raun ætlað að leysa upp fyrirtæki hans.



Aðalhlutverk: Abigail Hawk, Chevy Chase og David O'Donnell **Leikstjórn:** Fred Olen Ray **Útgefandi:** Sena

Jólamynd

1. desember



Christmas Lodge

Sumar minningar lifa að eilífu

Þegar Mary Tobin er í fjallaferð með unnusta sínum ganga þau fram á bjálkahús sem vekur upp ótal minningar í huga Mary því í þessu húsi hafði fjölskylda hennar oft safnast saman fyrr á árum, ekki síst í kringum jólin.

Þegar Mary fer að rannsaka málið sér hún sér til sárrar mæðu að bjálkahúsinu hefur ekki verið haldið vel við. Um leið uppgötvar hún að eigandi þess er jafnaldri hennar, Jack Rand, en þau hafa ekki hist síðan í æsku þegar fjölskyldur þeirra voru nágrennar. Jack er áhugasamur um að gera húsið upp en skortir fé til þess og svo fer að Mary ákveður að hjálpa honum við uppbygginguna sem hún af sérstökum ástæðum vonar að verði lokið áður en næstu jóla ganga í garð ...

Punktur

- *Christmas Lodge* er kanadísk mynd og er hún að öllu leyti tekin upp í og við bæinn Langley í Bresku Kólumbíu í suðvesturhluta Kanada.




Christmas Lodge er rómantísk mynd um kristni, kærleik og tilgang jólanna.

VOD L 86 min

Aðalhlutv.: Erin Karpluk, Michael Shanks og Rukiya Bernard **Leikstjórn:** Terry Ingram **Útgefandi:** Sena

Jólamynd

1. desember



Christmas Miracle

Trúin getur vísað þér leið

Þegar brestur á með óveðri og gríðarlegri snjókomu neyðast átta manns sem þekkjast ekkert innbyrðis til að leita skjóls í gamalli kirkju. Staðan er slæm því jólin eru að koma og því vilja þau öll komast heim sem allra fyrst.

Það er stundum sagt að þegar einar dyr lokast opnast aðrar og má segja að það sé útgangspunkturinn í þessari sögu. Einstaklingarnir átta sem lokast inni í kirkjunni hafa auðvitað ekkert við að vera nema ræða málin sín á milli og í ljós kemur að þótt þau sýnist í fyrstu vera ólík innbyrðis er meira sem sameinar þau en sundrar. Svo fer að dvölin í kirkjunni á eftir að leiða ýmislegt óvænt í ljós í fari þeirra allra og um leið gerist dálítið kraftaverk sem á eftir að efla trú þeirra á hið góða.

Punktur

- Þessi mynd er gerð af sama leikstjóra og framleidd af sömu aðilum og gera myndina hér fyrir ofan og eins og hún er þetta fyrst og fremst kristileg jólamynd.




Óveður og mikil snjócoma verða til þess að átta manns lokast inni í gamalli kirkju.

VOD L 92 min

Aðalhlutv.: Allison Hossack, Aaron Pearl, Dan Payne og Valin Shinyei **Leikstjórn:** Terry Ingram **Útg.:** Sena

Jólamynd

7. desember



American Assassin

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Dylan O'Brien, Michael Keaton, Taylor Kitsch, Scott Adkins, Sanaa Lathan, Shiva Negar and David Suchet **Leikstjórn:** Michael Cuesta **Útgefandi:** Myndform

7. desember

Nú er þetta persónulegt

Eftir að unnusta Mitch Rapp er myrt í hryðjuverkaárás ákveður hann að helga líf sitt baráttunni gegn hryðjuverkamönnum og gengur til liðs við bandarísku leyniþjónustuna. Þar nýtur hann leiðsagnar Stans Hurley sem er þaulvanur í baráttunni og áður en langt um liður er komið að fyrsta verkefninu: Að stöðva dularfullan hryðjuverkamann sem kallast „Draugurinn“ og er að reyna að koma þriðju heimsstyrjöldinni í gang.

Sögurnar um Mitch Rapp eru eftir bandaríska rithöfundinn Vince Flynn sem af mörgum er talinn einn albesti spennusagnahöfundur Bandaríkjanna fyrr og síðar, en bækur hans urðu tíðir gestir á topplistum bandarískra bóksala alveg frá því að fyrsta bókin, *Transfer of Power*, kom út árið 1996. Í henni kynntust lesendur Mitch í fyrsta sinn en hann var maður sem hafði ungar að árum helgað líf sitt og krafta baráttunni gegn hættulegustu hryðjuverkamönnum heims. Þegar Vince féll frá árið 2013 hafði hann skrifað þrettán bækur um Mitch Rapp. Ellefta bókin, *American Assassin* sem kom út árið 2010, skar sig úr því í henni hvarf Vince aftur til upphafsins og sagði frá því þegar Mitch Rapp ákvað upphaflega að ganga til liðs við bandarísku leyniþjónustuna, hvernig það kom til og þjálfun hans. Það er einmitt eftir þeirri bók sem þessi fyrsta mynd um kappann er gerð, en í henni tekst hann líka á við sitt fyrsta stórverkefni ...



Dylan O'Brien leikur Mitch Rapp í *American Assassin* og íranska leikkonan Shiva Negar leikur kollega hans.



Michael Keaton leikur fyrrverandi leyniþjónustumanninn Stan Hurley sem tekur að sér að þjálfna Mitch fyrir baráttuna sem er framundan.

Veistu svarið?

Það eru ekki liðin nema sex ár frá því leikferill Dylans O'Brien hófst í sjónvarpsþáttunum *Teen Wolf*. Hann hefur síðan byggt kvikmyndaferil sinn upp hratt og sló t.d. í gegn í aðalhlutverki trílógíu sem hóf göngu sína 2014 og er ekki lokið. Hvaða trílógíu?



The Maze Runner

Punktur

★★★★1/2 - *New York Post* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*
 ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Rolling Stone*

• Hermt er að Dylan O'Brien hafi ekki síst hreppt hlutverk Mitch Rapp vegna aldurs síns (hann er 26 ára) því honum er ætlað að leika í fleiri myndum um Mitch Rapp sem gera á á næstu árum og mun því eldast og þroskast í hlutverkinu, rétt eins og Mitch gerir í í bókunum, en í þeim er hann 23 ára þegar hann kemur fyrst til starfa hjá leyniþjónustunni. Fylgist með frá byrjun!






Pakkinn þinn er í traustum höndum

Komdu jólapökkunum til okkar og við komum
þeim í réttar hendur hratt og örugglega.







Uppgötvaðu hver þú ert

Gene býr ásamt aragrúa broskarla og alls kyns öðrum táknum í borg emoji-táknanna sem er falin á milli appanna í símanum. Táknin í borginni þrúa að vera valin af eiganda símans og Gene er þar engin undantekning. Hann er svokallað „meh“-tákn og á að vera með tómlátan svip. Gene hefur þó litla sem enga stjórn á svipbrigðum sínum og hin táknin í borginni eru hrædd um að síminn verði straujaður komist eigandinn að þessu vandamáli.

Gémmi Fimm og Töggur ganga til liðs við Gene og ferðast um símann þveran og endilangan í leit að kóðanum sem á að gera Gene að „eðlilegu“ emoji-tákni með einn fastan svip.

Emoji-myndin er nýjasta myndin frá teiknimyndadeild Sony-kvikmyndarisans og hefur að geyma litríkt, fjörugt og fyndið ævintýri sem öll fjölskyldan getur skemmt sér vel yfir.



Emoji-myndin

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Ævar Þór Benediktsson, Orri Huginn Ágústsson, Salka Sól Eyfeld Hjálmarsdóttir, Esther Talia Casey, Edda Björgvinsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Hafsteinn Níelsson, Guðmundur Ólafsson, Matthías Davíð Matthíasson og fleiri **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Upptökur:** Stúdíó Sýrland **Útgefandi:** Sena

7. desember



MAARUD


GERIR GOTT ENN BETRA

Náttúruleg hráefni



Með sólblómaolíu

Gleðilega hátíð



VOD L 86 min

Aðalhlutv.: Hilarie Burton, Tyler Hilton, Randy Travis og Markie Post **Leikstj.:** Leslie Hope **Útg.:** Sena

Jólamynd

7. desember

Christmas on the Bayou

Óskir geta stundum ræst

Katherine er framkvæmdastjóri í New York sem ákveður að fara ásamt ungum syni sínum á æskuslóðirnar í Louisiana og eyða jólnum með móður sinni. En heimsókn hennar á eftir að ýfa upp nokkur fortíðarmál.

Christmas on the Bayou er rómantísk gamanmynd sem fengið hefur mjög góða dóma. Eftir að Katherine kemur til heimabæjarins líður ekki langur tími þar til hún rekst á gamlan kunningja, lögreglumanninn Caleb, sem var alltaf skotinn í henni og er það enn. Á sama tíma kynnist sonur hennar hinum aldna Noel (Ed Asner) sem segist vera sjálfur jólasveinninn – og getur kannski látið óskir hans rætast!

Punktur

- Það kannast áreiðanlega margir við þau Hilarie Burton og Tyler Hilton sem leika tvö stærstu hlutverkin í *Christmas on the Bayou*, en þau léku saman í *One Tree Hill*-sjónvarpsþáttunum sem nutu mikilla vinsælda á árunum frá 2003 til 2012.



Tónlistarmaðurinn og kántrísöngvarinn Randy Travis leikur stórt hlutverk í myndinni.



VOD L 97 min

Aðalhlutverk: Natasha Henstridge, Brian Krause og Cedric Smith **Leikstjórn:** Paul Lynch **Útgefandi:** Sena

Jólamynd

7. desember

The Christmas Switch

Skipt um líkama

Sam Wells er gamall maður sem þráir að vera jólasveinn eitt árið til áður en líkami hans deyr. Hann ákveður að biðja smákrimmann Eddie um aðstoð gegn milljón dollara greiðslu og Eddie ákveður að slá til þrátt fyrir áhættuna.

The Christmas Switch er gamansamt jólaævintýri með töfrum, enda reynist hinn gamli Sam göldróttur með afbrigðum. Hann verður mjög glaður þegar hann fær afnot af líkama Eddies sem að sama skapi þarf að bíða á meðan í líkama Sams og uppgötva hvernig það er að vera gamall. Um leið kynnist hann dóttur Sams, hinni fögru og umhyggjusömu Susan, og er áður en varir orðinn ástfanginn upp fyrir haus. En þegar komið er að því að skipta aftur um líkama kemur babb í bátinn.

Punktur

- *The Christmas Switch* byggir á gamalkunnu stefi úr ævintýraskáldskap og er um leið sögð tilbrigði við söguna í hinni frægu jólamynd *Miracle on 34th Street*.



Þegar þeir Sam og Eddie hafa skipta á líkama fer í gang mjög sérstök atburðarás.



VOD L 82 min

Aðalhlutverk: Massimo Lista, Stuart Stone og Emily Peachey **Leikstjórn:** Terry Ingram **Útg.:** Myndform

Hasar / Drama

8. desember



Hinn ungi Bobby Dunlap fær óvænta aðstoð til að feta í fótspor föður síns.

Gearheads

Láttu drauminn ræstast

Bobby Dunlap er ungur maður sem syrgir föður sinn, en sá var mikil kappaksturshetja. Sjálfan dreymir Bobby um að taka þátt í helsta kappakstrinum í heimabæ sínum en skortir bæði bíl og þjálfun. En þá fær hann óvænta hjálp.

Hér er á ferðinni mynd eftir John O. Hartman sem gerist í bænum Smalltown í Bandaríkjunum þar sem vinsæll og vel sóttur kappakstur er haldinn árlega og laðar að sér keppendur víða að. Bobby Dunlap er sonur manns sem hafði oftast en einu sinni sigrað í þessum kappakstri áður en hann féll frá. Síðan þá hefur Bobby átt í erfiðleikum með að finna fótfestu í lífinu enda sér hann ekki hvernig draumur hans sjálfs um að feta í fótspor föður síns geti ræst. En þá kynnist hann dularfullum manni sem ákveður að hjálpa honum umfram það sem nokkur hefði getað átt von á, síst af öllu Bobby sjálfur ...

Hrói höttur – 7. hluti

Sjö nýjar teiknimyndir um Hróa hött og félagana

Skemmtilegir enskir tölvuteiknaðir þættir um hinn bogfima Hróa hött og félagana hans í Skírisskógi sem berjast í þágu þeirra sem minna mega sín gegn ofríki Jóhanns konungs og hvers konar spillingu og harðstjórn hans.

Sögurnar um alþýðuhetjuna Hróa hött og alla góðu félagana hans í Skírisskógi hafa hér fengið hressilega andlitslyftingu í bráðskemmtilegum teiknimyndum þar sem hvert ævintýrið rekur annað.

Hér er um að ræða sjöunda hlutann í seríunni, sjö þætti (nr. 46 til 52) sem koma út á VOD-leigunum, en fyrri hlutarnir ættu einnig enn að vera fánlegir. Skelltu þér með í baráttuna ásamt Tóka munkki, Litla-Jóni og Maríu og öllum hinum bandamönnum Hróa hattar sem berjast fyrir þá sem minna mega sín!



VOD L 100 min

Teiknimyndir með íslensku tali um Hróa hött og félagana **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

8. desember





The Big Sick

Rómantísk kómedía



Aðalhlutverk: Kumail Nanjiani, Zoe Kazan, Holly Hunter, Ray Romano, Anupam Kher, Zenobia Shroff og Adeel Akhtar **Leikstjórn:** Michael Showalter **Útgefandi:** Myndform

14. desember



Þau Holly Hunter og Ray Romano leika foreldra Emily og þykja eins og aðrir leikarar í myndinni fara á kostum í skemmtilegum hlutverkum.

Veistu svarið?

Enginn vafi er á að *The Big Sick* er stærsti smellur Kumails Nanjiani til þessa en fyrir gerð myndarinnar var hann hvað þekktastur fyrir að leika persónuna Dinesh Chughtai í vinsælum sjónvarpsþáttum sem m.a. hafa verið sýndir á Stöð 2. Hvaða þáttum?



Stillcom Valley

Vandamálin eru til að leysa þau

Uppistandarinn Kumail er Bandaríkjamaður af pakistönskum ættum og hefur um langt skeið þurft að hafna aragrúa kvonfanga sem foreldrar hans hafa fundið handa honum. En um leið og hann vill ráða ástalífi sínu algjörlega sjálfur vill hann hins vegar ekki stygga trúaða foreldrana og frændgarðinn ef þess er nokkur kostur. Þegar hann hittir Emily reynir á þetta.

The Big Sick er rómantísk kómedía eins og þær gerast bestar enda hefur myndin hlotið afar góða dóma og notið mikilla vinsælda alls staðar þar sem hún hefur komið út. Rómantíkin svífur hér yfir vötnunum en um leið þurfa allir sem við sögu koma, bæði þau Kumail, Emily og fjölskyldur þeirra, að takast á við rótgróna for-dóma, bæði sína eigin og annarra, sem skora þau bæði siðferðis- og menningarlega á hölm. Þetta er mynd sem allir aðdáendur góðra rómantískra gamanmynda munu skemmta sér vel yfir.



Það kviknar fljótlega neisti á milli þeirra Kumails og Emily þegar þau hittast fyrst, en áður en samband þeirra getur orðið alvarlegra þurfa þau bæði, sérstaklega Kumail, að ryðja nokkrum ljónum úr veginum.

Punktur

★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *New York Times*
 ★★★★★ - *Washington Post* ★★★★★ - *Time Out New York*
 ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★ - *Empire*
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *Time*

• Eins og sést á stjörnujöfnum hér fyrir ofan hefur *The Big Sick* fengið frábæra dóma gagnrýnenda en hún er með 8,6 í meðaleinkunn á Metacritic og 8,2 í meðaleinkunn á Rotten Tomatoes.

• Sagan í myndinni er að hluta til byggð á sannri sögu aðalleikarans, Kumails Nanjiani, en hann er einnig einn af framleiðendum myndarinnar og skrifaði auk þess handritið ásamt Emily V. Gordon.



Helstu aðstandendur þessarar frábæru gamanmyndar, f.v.: Judd Apatow og Barry Mendel, framleiðendur, Ray Romano, Holly Hunter, Zoe Kazan, Emily V. Gordon, sem skrifaði handritið ásamt Kumail Nanjiani, Kumail Nanjiani og leikstjórnin Michael Showalter.




Er maginn í steik?

Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Omeprazol Actavis, 20 mg magasýrupólin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfelld áður en einkennin réna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is



Sýndu hvað í þér býr

Þótt Leiftur-McQueen sé ekki dauður úr öllum rafgeymum þá eru komnir fram nýir bílar sem eru betri en hann í kappakstri og komast hraðar. Við það á rauða hetjan erfitt með að sætta sig og ákveður að taka þátt í enn einum kappakstrinum til að sýna að hann sé enn sá besti. En er hann það í raun og veru?

Teiknimyndirnar tvær sem gerðar hafa verið um hina talandi bíla hafa notið ómældra vinsælda á undanförunum árum, eða allt frá því að sú fyrri var frumsýnd árið 2006. Nú bætist þriðja myndin við í seríuna, en hún gerist nokkrum árum eftir atburðina í síðustu mynd. Fyrir utan Leiftur-McQueen endurnýjum við hér kynnin af mörgum karakterum fyrri myndanna um leið og við kynnumst nokkrum nýjum, þar á meðal kraftmiklum keppinautum McQueens um titlana!

Punktur

★★★★ - *N. Y. Times* ★★★★★ - *L. A. Times* ★★★★★ - *IndieWire*

- Segja má að sagan í þessari þriðju mynd um bílana sé nokkurs konar spegill af fyrstu myndinni að því leyti að núna er það Leiftur-McQueen sem er farinn að eldast og því tekinn við stöðunni sem hinn gamli Kóngur var í þar og þarf nú að verjast áskorun hins unga Jacksons storms sem er þá í sömu stöðu og McQueen var þá.
- Þar sem myndin er sú þriðja í röðinni eru myndirnar um bílana orðnar önnur teiknimynda-serían frá Pixar sem inniheldur þrjár myndir, en sú eina hingað til var *Toy Story*-serían.



Bílar 3

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Atli Rafn Sigurðarson, Bryndís Ásmundsdóttir, Arnar Jónsson, Orri Huginn Ágústsson, Þórhallur Sigurðsson, Þór Tulinius, Sigurður Þór Óskarsson, Bergur Þór Ingólfsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Hanna María Karlsdóttir og margir fleiri
Þýðing: Harald G. Haralds **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir
Útgefandi: Síminn & Vodafone

14. desember





Band Aid

Orkan er umbreytanleg

Stórskemmtileg og fyndin mynd um þau sem er alveg að gefast upp á sambúðinni því flest samtöl þeirra eru farin að enda með rifrildi. Þau elska samt hvort annað og þegar þau fá þá hugmynd að breyta ágreiningsefnum sínum í lög og rífast í gegnum textana tekur sambandið á sig nýja og ferska mynd.

Óháða kvikmyndin *Band Aid* vakti mikla og verðskuldaða athygli og lukku á Sundance-hátíðinni í vor og var þar tilnefnd til dómnefndarverðlaunanna. Þetta er fyrsta myndin sem leikkonan Zoe Lister-Jones skrifar og leikstýrir og er alveg óhætt að segja að útkoman sé bráðskemmtileg í alla staði. Eftir að þau Anna og Ben byrja að æfa rifrildi sín í bílskúrnunum gengur nágranni þeirra Dave í lið með þeim sem trommari og áður en varir er búið að ákveða fyrstu tónleikana ...

Punktur

★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *The Wrap* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com*
 ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter* ★★★★★1/2 - *Variety*

• Til að aðstoða sig við gerð myndarinnar leitaði Zoe Lister-Jones til vina og vanda-
 manna og eru til dæmis margir af auka-
 leikurum *Band Aid* samstarfsfólk hennar úr
 öðrum verkefnum. Þannig leika þau Zoe,
 Colin Hanks og Angeliqe Cabral saman
 í sjónvarpsþáttunum *Life in Pieces* og þær
 Majandra Delfino og Brooklyn Decker voru
 meðleikarar Zoe í þáttunum *Friends With
 Better Lives*. Þess utan fékk hún tæknifólk úr
 þessum þáttum til starfa og var myndin að
 mestu leyti fjármögnuð með fjárframlögum
 fjölskyldumeðlima og vinahóps Zoe.




Eðli málsins samkvæmt inniheldur *Band Aid* fullt af fyndnum lögum.



Aðalhlutverk: Zoe Lister-Jones, Adam Pally og Fred Armisen **Leikstjórn:** Zoe Lister-Jones **Útgefandi:** Sena

Gamandrama

14. desember



Crash Pad

Ekkert er óhugsandi

Eftir einnar nætur ástarævintýri með giftri konu verður hinn ungi Stensland fyrir miklum vonbrigðum þegar konan vill ekkert með hann hafa og segir honum að hún hafi bara verið að nota hann til að ná sér niðri á eiginmanni sínum ... sem í kjölfarið heimsækir Stensland með áhugavert tilboði í huga.

Crash Pad er eldfjörugur farski með óvenjulegum söguþræði eins og farsar eiga að vera og rekur hér hver brandarinn annan frá upphafi til enda. Myndin hefur hlotið góða dóma og þeir sem kunna að meta það sem gjarnan er kallað „slapstick“-húmor ættu ekki að verða fyrir neinum vonbrigðum með þennan fína skammt ...

Punktur

★★★★ - *The Wrap* ★★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter*

• Handrit myndarinnar er eftir Jeremy Catalino sem sótti innblásturinn í eigin reynslu og eru margir karakterar sögunnar nokkurs konar ýktar útgáfur af fólki sem hann hefur þekkt. Þess má geta að íbúðin sem Stensland, persónan sem Domhnall Gleeson leikur, býr í er eftirlíking af íbúð Jeremys sjálfs.



Crash Pad er eldfjörug og fyndin mynd frá upphafi til enda með kostulegum húmor.



Aðalhlutv.: Domhnall Gleeson, Christina Applegate og Thomas Haden Church **Leikstjórn:** Kevin Tent **Útg.:** Sena

Gamanmynd

14. desember



VOD L 80 min

Aðalhlutverk: Marla Sokoloff, Chris Carmack og Catherine Hicks **Leikstjórn:** Fred Olen Ray **Útgef.:** Sena

Jólamynd

14. desember

A Christmas Wedding Date

Hvað ef þú fengir annað tækifæri?

Þegar Rebecca er sagt upp í vinnunni ákveður hún að halda á heimaslóðirnar og sækja þar um leið brúðkaup vinkonu sinnar sem er að fara að giftast fyrrverandi unnusta Rebecca sjálf. En þá gerist nokkuð skrítið.

Málið með Rebecca er að hún sér eftir því að hafa ekki haldið í unnustann í stað þess að flytja burt á sínum tíma þótt hún vilji auðvitað ekki viðurkenna það, hvorki fyrir sjálfri sér né öðrum. En eftir að hafa verið viðstödd brúðkaupið sem haldið er á aðfangadag og sótt brúðkaupsveisluna um kvöldið vaknar hún upp að morgni aðfangadagsins á ný og þarf að fara í gegnum daginn aftur, nákvæmlega eins og í gær. Til að byrja með fer hún að óttast um geðheilsu sína en smám saman áttar hún sig á því að það er ekki nóg með að henni sé veitt annað tækifæri heldur verður hún að finna leið til að nýta það því annars losnar hún ekki úr álögnum ...



Þegar Rebecca byrjar að endurupplifa sama daginn aftur og aftur þarf hún að finna leið til að losna úr álögnum.

Defending Santa


Trúir þú á jólasveininn?

Þegar lögreglumaðurinn Scott Hanson finnur meðvitundarlausan mann í jólasveinabúningi grunar hann ekki að þegar sá meðvitundarlausni vaknar muni hann halda því fram að hann sé í raun hinn eini sanni jólasveinn.

Defending Santa er létt gamanmynd þar sem hið gamalkunna þema um tilvist jólasveinsins er tekið fyrir. Að sjálfsgöðu er um að ræða bandarísku útgáfuna, þ.e. söguna um Kris Kringle sem býr á Norðurpólnum og er rammgöldróttur þegar hann þarf á slíku að halda. Vandí hans í þetta sinn er hins vegar sá að læknar telja það af og frá að sá gamli sé Kris Kringle, sama hvað öllum töfrum líður, og því þarf hann að fá lögfræðiaðstoð til að losna úr haldi svo hann komist aftur heim ...

Punktur

• Sá sem leikur dómarrann í myndinni er John Savage sem eldri áhorfendur muna áreiðanlega vel eftir en hann sló fyrst í gegn í *The Deer Hunter* árið 1978.



VOD L 85 min

Aðalhlutverk: Dean Cain, Jud Tylor, Bill Lewis og John Savage **Leikstjórn:** Brian Skiba **Útgefandi:** Sena

Jólamynd

14. desember



Það trúna því fáir að sá gamli sé í raun jólasveinninn, en kannski getur hann sannað það.



A Husband for Christmas

Freistingarnar eru til að falla fyrir þeim

Brooke Harris telur sig himin hafa höndum tekið þegar henni er boðin stöðuhækkun innan fyrirtækisins sem hún vinnur hjá og tvöföldun á launum. Vandamálið er að upphefðinni fylgir óvenjulegt og bindandi skilyrði.

Skilyrðið sem forstjóri fyrirtækisins setur er að Brooke gangi í hjónaband með sér algjörlega ókunnugum manni sem að öðrum kosti yrði vísað úr landi. Forstjórinn hefur hagsmuna að gæta í málinu og þótt Brooke lítist ekkert á þetta í byrjun skiptir hún um skoðun þegar hún hittir manninn, Roger, og kemst að því að hann er hinn vænasti náungi. Til að fléttan gangi upp þurfa þau líka að búa saman og svo fer að þau gera með sér samning um að ganga í hjónaband.

Það liður að jólum og eftir því sem þau Roger og Brooke eyða meiri tíma saman fer samband þeirra að þróast nákvæmlega í þá átt sem forstjórinn vildi!



Ricco Ross og Vivica Fox leika „hjónin“ Roger og Brooke í *A Husband for Christmas*.

VOD L 87 min

Aðahl.: Vivica A. Fox, Ricco Ross, Eric Roberts og Dominique Swain **Leikstj.:** David DeCoteau **Útg.:** Sena

Jólamynd

14. desember



Fyrirsætan, fimleikadrottningin og leikkonan Kate Upton var hamingjusöm á róltinu í New York 17. nóvember ásamt Justin Verlander, en þau gengu í hjónaband 4. nóvember.



Og talandi um ný hjónabönd má geta þess að þau Michael Fassbender og Alicia Vikander giftu sig með mikilli leynd á dögnum á Ibiza og er nú beðið eftir brúðkaupsmyndunum.



Og Patton Oswalt, sem missti eiginkonu sína Michelle McNamara í apríl 2016, hefur fundið ástina á ný, en hann kvæntist leikkonunni Meredith Salenger þann 6. nóvember.



The Limehouse Golem

Morðgáta



Aðalhlutverk: Bill Nighy, Olivia Cooke, Douglas Booth, Daniel Mays, María Valverde, Eddie Marsan og Sam Reid **Leikstjórn:** Juan Carlos Medina **Útgefandi:** Myndform

15. desember



Myndin gerist í Limehouse-hverfinu í London upp úr 1880 og hér ráðfærir rannsóknarlögreglumaðurinn John Kildare sig við einn af helstu aðstoðarmönnum sínum, George Flood, sem Daniel Mays leikur.

Veistu svarið?

Sagan í *The Limehouse Golem* sækir innblásturinn í hina óráðnu morðgátu sem kennd hefur verið við Jack the Ripper en var á sínum tíma ætíð nefnd eftir hverfinu sem morðin voru framin í. Hvaða hverfi er það og hvað var sá morðingi upphaflega kallaður?



Whitechapel, og morðinginn var kallaður Whitechapel-morðinginn.

Miklu, miklu meira en morð

Þegar nokkur hrottaleg morð setja samfélagið í Limehouse-hverfinu í London á annan endann er Scotland Yard-lögreglumanninum John Kildare falið til að komast að sannleikanum og finna morðingjann. En þetta er engin venjuleg morðgáta.

The Limehouse Golem er byggð á sögulegri skáldsögu hins margverðlaunaða rithöfundar, sagnfræðings og ævisöguritara Peters Aykroyd, *Dan Leno and the Limehouse Golem*, sem var einnig gefin út undir heitinu *The Trial of Elizabeth Cree*. Hér bregður hann sér til Lundúna í upphafi níunda áratugar 19. aldar, nokkrum árum áður en Jack the Ripper lét á sér kræla, og leggur fyrir okkur morðgátu þar sem hlutirnir eru sannarlega ekki eins og þeir sýnast í fyrstu.

Það er hinn skemmtilegi leikari Bill Nighy sem leikur John Kildare rannsóknarlögreglumann hjá Scotland Yard sem er staðráðinn í að ráða gátuna. Hann telur sig kominn á slóðina þegar eitt morð í viðbót er framið og verður til þess að gjörbreyta sýn hans á málið...



Bill Nighy leikur rannsóknarlögreglumanninn John Kildare.

Punktur

★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Total Film*
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *ReelViews*
 ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*

• Í *The Limehouse Golem* koma að minnsta kosti þrjár raunverulegar samtímapersónur við sögu, þ.e. Karl Marx, rithöfundurinn George Gissing og Dan Leno sem á þessum árum var einn þekktasti og vinsælasti gamanleikari Breta og er reyndar ein af aðalpersónunum í myndinni. Hann er hér leikinn af Douglas Booth.

• Þetta er önnur mynd leikstjórans Juans Carlos Medina í fullri lengd eftir myndina *Painless* árið 2012. Handritið er eftir Jane Goldman sem m.a. skrifaði handritin að *Stardust*, *Kick-Ass* og *Kingsman*-myndunum ásamt leikstjóranum Matthew Vaughn, og myndunum *The Woman in Black* og *Miss Peregrine's Home for Peculiar Children*.



Nokkrir af öðrum helstu leikurunum í *The Limehouse Golem* eru María Valverde, Sam Reid, Douglas Booth, Olivia Cooke og Eddie Marsan.



Aðalhlutv.: Brian Cox, Miranda Richardson og John Slattery **Leikstj.:** Jonathan Teplitzky **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

15. desember

Churchill

Þú þekktir ekki þennan mann

Winston Churchill varð forsætisráðherra Breta þann 10. maí árið 1940 og það kom í hans hlut að tala kjarkinn í Þjóð sína sem bjó við stöðuga ógn frá loftárásum Þjóðverja og óttaðist að þýski herinn næði að ganga á land.

Óhætt er að segja að Winston Churchill hafi verið umdeildur maður. Um leið og hann naut virðingar og aðdáunar margra fyrir framgöngu sína í upphafi valdatíma síns á forsætisráðherrastóli mætti hann ávallt talsverðri andstöðu innan stjórnkerfisins sjálfs þar sem hann átti sér marga óvildarmenn.

Í þessari mynd er sjónum beint að síðustu dögum hans í fyrra skiptið sem hann var forsætisráðherra, nokkrum dögum fyrir innrásina í Normandí, en Churchill óttaðist að innrásin myndi mistakast og að mannfali yrði meira en menn spáðu ...

Punktur

★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★ - *Empire*

• Breski leikarinn Brian Cox þykir fara á algjörum kostum í aðalhlutverkinu enda lagði hann mikla áherslu á að túlka Churchill á eins trúverðugan hátt og framast er unnt.

• Myndin er byggð á handriti Alex von Tunzelmans sem lagði gríðarlega vinnu í að afla heimilda um það sem gerðist á þessum dögum fyrir innrásina í Normandí. Churchill fannst hann sniðgenginn í ákvarðanatöku í kringum þessa gríðarlega mikilvægu hernaðaraðgerð Bandamanna sem nefnd var Operation Overlord og átti í miklum átökum við sína eigin ráðgjafa um framkvæmdina auk þess að glíma við sína eigin samvisku.



Bara leikur Brians Cox í titilhlutverkinu gerir *Churchill* þess virði að sjá.



Teiknimyndir með íslensku tali um vinina góðu, Kötu og Mumma **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

15. desember

Kata og Mummi

Það er kominn tími til að skreppa eitthvað með Mumma

Kata er fimm ára gömul stelpa sem nýtur lífsins með kanínudúkkunni Mumma, en hann lifnar við og stækkar þegar Kata notar ímyndunaraflíð.

Þættirnir um Kötu og Mumma hafa verið sýndir í íslensku sjónvarpi og eru fyrir yngsta aldurshóp áhorfenda. Þeir gerast að mestu í ævintýralandinu Mummaheimi, en þangað ferðast Kata í hvert sinn sem hún glímir við eitthvert vandamál eða þegar forvitni hennar vaknar um einhvern hlut. Í Mummaheimi lifnar Mummi kanína nefnilega við og stækkar og saman lenda þau Kata í margvíslegum og litríkum ævintýrum.

Í þessari sjöundu seríu þáttanna er að finna sjö ný ævintýri þessara glaðlyndu félaga og er hver þáttur rúmlega 10 mínútur að lengd.





Rökkur

Morðgáta / Tryllir



Aðalhlutverk: Sigurður Þór Óskarsson, Björn Stefánsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Guðmundur Ólafsson, Anna Eva Steindórsdóttir og Böðvar Óttar Steindórssen **Leikstjórn:** Erlingur Thoroddsen
Útgefandi: Sena

15. desember



Myndin var tekin upp á Hellissandi og þar í kring, og í sumarbústaðnum Hruna undir Snæfellsjökli. Þess má geta að Hruni er leigður út nokkrum sinnum á ári, ef einhverjir hafa áhuga og þora að gista þar.

Veistu svarið?

Rökkur er önnur bíómynd Erlings Thoroddsen á eftir *Child Eater* en hann á einnig margar góðar stuttmyndir að baki, þ. á m. eina frá árinu 2013, en fyrir hana hlaut hann verðlaunin sem efnilegasti leikstjórninn á Screamefest-hrollvekuháttíðinni. Hvað heitir sú mynd?



The Banishing

Hvað er í gangi?

Rökkur er eftir handritshöfundinn og leikstjórnann Erling Thoroddsen sem vakti mikla athygli í fyrra með sinni fyrstu mynd, hrollvekjuni *Child Eater*, og sýndi þar og sannaði hæfileika sína í kvikmyndagerð. Þetta er dularfullur, spennandi og hrollkaldur tryllir sem vonandi enginn lætur fram hjá sér fara.

Rökkur segir frá Gunnari (Björn Stefánsson) sem fær skritið símtal frá fyrrverandi kærasta sínum, Einari (Sigurður Þór Óskarsson), sem er staddur í bústaðnum Rökkri á Snæfellsnesi. Gunnar er hræddur um að Einar muni fara sér að voða og ekur þess vegna upp á nesið til að stöðva hann. Þegar þangað er komið þurfa strákarnir að gera upp samband sitt í afskekktum bústaðnum en fljótlega kemst Gunnar að því að það er eitthvað verulega dularfullt á seyði. Eitthvað sem verður ekki útskýrt með orðum. Þeir eru ekki einir ...



Sigurður Þór Óskarsson og Björn Stefánsson leika þá Einar og Gunnar sem þurfa að takast á við verulega dularfullt öfl í *Rökkri*.

Punktar

- *Rökkur* hefur allt þetta ár ferðast á milli kvikmyndahátíða erlendis og hlotið góðar viðtökur almennra áhorfenda og gagnrýnenda. Myndin hlaut t.a.m. verðlaun fyrir listrænt afrek (Artistic Achievement) á Outfest-kvikmyndahátíðinni í Los Angeles í júlí og fyrstu verðlaun fyrir kvikmyndatökuna á Óháðu kvikmyndahátíðinni í San Francisco, en um kvikmyndunina sá John Wakayama Carey.


- Kvikmyndagagnrýnandinn Stephen Farber sem skrifar fyrir The Hollywood Reporter gefur *Rökkri* ákaflega góð meðmæli í dómi sínum og segir m.a. um myndina: „The cinematography is striking, sound and music are superb and the two leading actors – who carry much of the movie by themselves – both give telling performances.“

- Erlingur Thoroddsen framleiddi myndina sjálfur ásamt Baldvini Kára Sveinbjörnssyni, Búa Baldvínssyni og fleirum, en um tónlist sá Einar Sverrir Tryggvason. Gunnar Helgi Guðjónsson sá um sviðsetningar og búningahönnuður var Steinunn Erla Thoroddsen. Kíkið á nánari upplýsingar um *Rökkur* á vefsíðunni www.riftmovie.is.





Jessica Chastain brosti breitt á AFI-verðlauna-hátíðinni í Los Angeles 16. nóvember þar sem nýjasta mynd hennar, *Molly's Game* eftir Aaron Sorkin, hlaut áhorfendaverðlaunin.



Mark Wahlberg stillti sér upp ásamt nokkrum aðdáendum í London 16. nóvember þar sem hann var mættur til að vera viðstaddur forsyningu myndarinnar *Daddy's Home 2*.



Þau Diane Kruger og leikstjórinn Fatih Akin voru eins og sést ánægð með þýsku BAMBImenningar- og fjölmiðlaverðlaunin sem þau hlutu 16. nóvember fyrir myndina *In the Fade*.



Breska leikkonan unga, Millie Bobby Brown, er einnig eftirsótt fyrirseta og var stödd í Sydney í Ástralíu 16. nóvember að taka upp myndasyrpu fyrir þarlent tískuvöruhús.



Þær Juno Temple og Kate Winslet sem leika saman í nýjustu mynd Woodys Allen, *Wonder Wheel*, stilla sér hér upp í New York 14. nóvember í tengslum við kynningu á myndinni.



Hjónin Keith Urban og Nicole Kidman voru mætt á verðlaunahátíð Glamour-tímarisins í New York 13. nóvember, en þar eru konur sem skarað hafa fram úr á árinu heiðraðar.



Kraftaverkið í Dunkirk

Um mánaðamótin maí-júní árið 1940 króuðust um 400 þúsund hermenn Bandamanna inni á ströndinni í Dunkirk á norð-vesturströnd Frakklands og biðu björgunar áður en þýski landherinn, sem nálgast óðfluga, næði til þeirra og stráfelldi þá.

Dunkirk er nýjasta mynd Christophers Nolan sem gerði m.a. *Batman*-þrífleikinn og myndirnar *Inception* og *Interstellar*.

Christopher, sem skrifaði handrit myndarinnar sjálfur, segir okkur hér frá einhverju magnaðasta björgunarafræki sögunnar þegar Bretum og bandamönnum þeirra tókst, þvert á allar aðstæður, að bjarga um 340 þúsund hermönnum úr nánast vonlausri sjálfhældu í Dunkirk og yfir Ermarsundið þrátt fyrir stanslausar árásir þýskra orrustuflugmanna sem einnig fengu skipanir um að sökkva öllum bátum og skipum sem freistuðu þess að bjarga mönnum. Seinna hlaut þessi atburður viðurnefnið „kraftaverkið í Dunkirk“.

Óhætt er að segja að Christopher nálgist þetta viðfangsefni á mjög sérstakan hátt og þeir eru margir sem spá því að myndin verði ein af helstu Óskarverðlaunamyndum ársins 2017.



Kenneth Branagh leikur sjóliðsforingjann Bolton sem eins og aðrir á ströndinni vissi ekki hvað hægt væri að gera annað en að vona.

Dunkirk

Sannsögulegt



Aðalhlutverk: Tom Hardy, Kenneth Branagh, Cillian Murphy, Mark Rylance, Harry Styles, James D'Arcy, Fionn Whitehead, Barry Keoghan, Jack Lowden og Aneurin Barnard **Leikstjórn:** Christopher Nolan **Útgefandi:** Síminn & Vodafone

18. desember



Hermennirnir á ströndinni gátu lítið annað gert en að bíða þess sem verða vildi. Þetta eru þeir Harry Styles, sem er einna þekktastur sem einn af hljómsveitarmeðlimum One Direction og er hér í sínu fyrsta kvikmyndahlutverki, Aneurin Barnard og Fionn Whitehead.

Veistu svarið?

Dunkirk er tíunda bíómynd Christophers Nolan sem eins og kemur fram hér í kynningunni til hægri gerði líka *Batman*-þrífleikinn, *Inception* og *Interstellar*. Hverjar eru hinar fjórar myndirnar?



Following, Memento, Insomnia og The Prestige

Punktar

- ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *New York Times*
- ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Time* ★★★★★ - *Screen*
- ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *The Hollywood Reporter*
- ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph*

• Eins og sést á stjörnuvjöfnni hér fyrir ofan hefur *Dunkirk* hlotið frábæra dóma en hún er með 9,7 í meðaleinkunn á Metacritic-síðunni, enda gefa flestir gagnrýnendur henni fimm stjörnur.

• Atriðin sem gerast á ströndinni voru í raun tekin upp í Dunkirk þar sem atburðirnir gerðust fyrir 77 árum. Fullyrða má að ef ekki hefði tekist að bjarga svona mörgum frá stórskotaliði Þjóðverja hefði gangur síðari heimsstyrjaldarinnar orðið annar en hann varð.




Þýsku orrustuflugmennirnir létu kúlunum rigna yfir varnarlausu hermennina enda týndu um 60 þúsund þeirra lífi í árásum þeirra.



SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á ELKO.IS





Stronger
Sannsgöglegt



Aðalhlutv.: Jake Gyllenhaal, Tatiana Maslany, Miranda Richardson, Clancy Brown, Richard Lane, Frankie Shaw, Nate Richman and Patty O'Neil **Leikstjörn:** David Gordon Green **Útgefandi:** Myndform

22. desember



Stronger er ákaflega vel gerð og raunsönn mynd en hún var unnin í nánú samstarfi við bæði aðal- og aukapersónur hennar og eru allar sviðsetningar eins nálægt raunveruleikanum og hægt var að komast.

Veistu svarið?

Eins og kemur fram í myndartexta hér til hægri er Jake Gyllenhaal spáð Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir hlutverk sitt í *Stronger*, en Jake hefur einu sinni áður verið tilnefndur. Það var fyrir hlutverk í mynd sem Ang Lee sendi frá sér árið 2005. Hvaða mynd?



Brokeback Mountain

Áföllin breyta okkur

Sönn saga Jeffs Bauman sem missti báða fætur þegar hryðjuverkamenn sprengdu tvær sprengjur við endalínu Bostonmaraðonhlaupsins þann 15. apríl 2013 og þurfti í framhaldinu að takast á við gjörbreyttar aðstæður í lífi sínu.

Þegar Jeff Bauman rankaði við sér á sjúkrahúsi og gerði sér grein fyrir hvað hafði gerst bað hann um blað og penna þar sem átti óhægt um mál og skrifaði: „Sá manninn. Hann horfði beint á mig.“ Þessi orð hjálpuðu lögreglunni að komast á slóð ódæðismannanna tveggja sem frömdu hryðjuverkið fyrir en ella og var Jeff í kjölfarið hylltur sem hetja. Sú skyndifrægð og sviðsljósið ofan í þau sár sem hann glímdi við á líkama og sál lagðist hins vegar þungt á hann til að byrja með og gerði honum erfitt fyrir að ná áttum og vinna sig út úr efiðleikunum sem framundan voru við að ná sér eftir áfallið.

Í þessari frábæru og áhrifaríku mynd sem allir ættu hiklaust að sjá er farið afar vel yfir það sem gerðist næst í lífi Jeffs og hans nánustu, en saga þeirra kemur þeim sem ekki þekkja til verulega á óvart ...



Jake Gyllenhaal sýnir hreint út sagt frábæran leik í aðalhlutverki *Stronger* og er spáð Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir vikið.

Punktar

- ★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★ - *Indiewire*
- ★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Time*
- ★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Guardian*
- ★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Wall Street Journal*

• Myndin er byggð á samnefndri metsölubók sem Bret Witter skrifaði eftir frásögn Jeffs Bauman og kom út í apríl 2014.

• Leikstjóri myndarinnar, David Gordon Green, er fyrir löngu orðinn þekktur fyrir sínar mörgu gæðamyndir í gegnum árin en á meðal þeirra má nefna *George Washington*, *All the Real Girls*, *Snow Angels* og *Prince Avalanche* (sem hann gerði eftir íslensku myndinni *Á annan veg*), og grínmyndirnar *Your Highness* og *Pineapple Express*.



Jake Gyllenhaal ásamt fyrirmyndinni Jeff Bauman, leikstjóranum David Gordon Green og Tatiönu Maslany sem leikur unnustu Jeffs.



VOD L 87 min

Teiknimynd með íslensku tali um Tashi og frænda hans Jack **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

22. desember

Tashi

Í ævintýraheimum getur allt gerst

Ástralskir teiknimyndapættir um hinn hugrakka Tashi sem býr í sannkölluðu ævintýralandi þar sem furðuverur eru á hverju strái og allt getur gerst.

Teiknimyndapættirnir um Tashi og frænda hans, hinn hugmyndaríka Jack sem heimsækir Tashi oft og tíðum, hafa notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum enda litríkir og viðburðaríkir svo af ber auk þess sem húmorinn er í hávegum hafður. Pættirnir eru um tólf mínútur að lengd hver og segja frá þeim ótrúlegu ævintýrum sem þeir frændur lenda í, en í þeim þurfa þeir oft að leysa vandasamar þrautir til að sleppa heilir á húfi frá furðulegustu aðstæðum og enn furðulegri verum ...



Punktar

• Þessi útgáfa inniheldur þætti 39 til 45 í teiknimyndaseríunni um Tashi og frænda hans, en allir fyrri þættirnir ættu enn að vera fáanlegir á VOD-leigunum.



Þeir Tashi og Jack vita aldrei fyrirfram í hverju þeir lenda þann daginn!


Love on the Run

Ástin birtist í ýmsum myndum

Franny er ung kona sem finnst hún vera algjörlega stopp í lífinu. Hún er í yfirvigt vegna skyndibitaafíknar og hefur nánast neyðst til að sjá um ruglaða móður sína og eldri systur sem hefur farið illa á ólífnaði og eiturfjaneyslu. Dag einn breytist líf hennar þegar bankaræningi tekur hana í gíslingu.

Love on the Run er mjög skemmtileg mynd sem margir eiga eftir að hafa gaman af en karakterarnir í henni eru sannarlega ekki eins og fólk er flest nema kannski að því leyti að á bak við hrjúft yfirborðið eru þeir samt sem áður með stórt hjarta.

Eftir að bankaræninginn Rick fremur rán í banka sem Franny er fyrir tilviljun stödd í og tekur hana svo í gíslingu á flóttanum líður ekki á löngu uns Franny er farin að aðstoða hann á flóttanum þótt hún geri sér fullkomlega grein fyrir afleiðingunum sem það kann að hafa. Fyrir hana er þetta nefnilega kærkomið ævintýri og leið út úr hversdagsleikanum sem hún er ákveðin í að nýta til fulls ...



VOD 12

Aðalhlutv.: Jen Ponton, Steve Howey, Frances Fisher og Robert Riley **Leikstj.:** Ash Christian **Útgefandi:** Myndform

Gamanmynd

22. desember



Love on the Run er óvenjuleg mynd um óvenjulega hluti en um leið mjög skemmtileg.



Enclave

Lífið í skugganum

Enclave, eða Enklava eins og hún heitir á frummálinu, er margföld verðlaunamynd eftir serbneska leikstjórnann Goran Radovanovic um ungan Serba sem vingast við nokkra múslima, tíu árum eftir Kósóvó-stríðið.

Hér er á ferðinni gríðarlega vel gerð og áhrifarík mynd þar sem ljóslifandi mynd er dregin upp af afleiðingum borgarastyrjaldarinnar í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og þá aðallega hinum mannskæðu átökum í Kósóvó. Aðalpersónan, hinn tíu ára gamli Christian, upplifði þessi átök ekki sjálfur en glímir samt við afleiðingarnar sem hann skilur ekki til fulls frekar en aðrir jafnaldrar hans. Þetta er mynd sem allt áhugafólk um sögu og evrópska kvikmyndagerð ætti hikaust að sjá og upplifa.

Punktur

- Myndin var framlag Serbíu til Óskarsverðlaunanna í fyrra en hefur þess utan hlotið fjölmörg verðlaun á ýmsum kvikmyndahátíðum.




Hinn ungi Filip Subaric þykir sýna snilldarleik í aðalhlutverki myndarinnar sem annars skartar nokkrum af þekktustu og virtustu leikurum Serba og Kósóva í aukahlutverkum.



Aðalhlutverk: Filip Subaric, Anica Dobra og Nebojsa Glogovac **Leikstj.:** Goran Radovanovic **Útgef.:** Myndform

Drama

29. desember



The Shadow Effect

Sumir draumar hafa þegar ræst

Gabriel Howarth er maður sem upplifir einkennilega hluti þegar óskiljanlega ofbeldisfullir draumar hans virðast rætast um leið og hann dremmir þá.

The Shadow Effect er eftir bræðurna Obin og Amariah Olson sem blanda hér saman dularfullri ráðgátu og spennu og hafa sagt í viðtali að á vissan hátt sé sagan í myndinni þeirra útgáfa af *The Matrix*.

Þegar Gabriel fer að átta sig á að draumar hans tengist á einhvern hátt raunveruleikanum og að morðin sem hann fremur í þeim og ofbeldið sem hann beitir virðist eiga sér raunverulega samsvörum byrjar hann að gruna að eitthvað hafi komið fyrir hann sem hefur samt gjörsamlega þurrkast út úr minninu. Í leit að svörum, og um leið og gátan fer að rakna upp, áttar hann sig líka á að einhver sem hann þekkir og tengist jafnvel náði veit líklega sannleika málsins. En hver?



Jonathan Rhys Meyer leikur annað aðalhlutverkið og er hvergi þar sem hann er séður.



Aðalhl.: Jonathan Rhys Meyers, Cam Gigandet og Michael Biehn **Leikstj.:** Obin og Amariah Olson **Útg.:** Myndform

Spennamynd

29. desember



Stór og Smár

Átta nýir þættir um bestu vinina tvo

Breskir þættir með íslensku tali um þá félagu Stóran og Smáan sem bralla ýmislegt skemmtilegt saman alla daga og lenda í fjölbreyttum ævintýrum.

Þættirnir um Stóran og Smáan höfðu til barna á leikskólaaldri og hafa náð miklum vinsældum víða um heim. Í þáttunum taka þeir félagar alltaf upp á einhverju nýju og þótt þeir séu samhentir þá eru þeir ekki alltaf sammála um leiðirnar. Alltaf skal þó allt fara vel og alltaf skulu þeir ná saman í lokin, enda báðir samningsfúsir.

Á þessari VOD-útgáfu er að finna þætti 57 til 63 um þá félagu sem eru hver öðrum frumlegri. Þess má geta að þættirnir hlutu BAFTA-verðlaunin árið 2009.



VOD L 85 min

Brúðmyndir með íslensku tali um félagana Stóran og Smáan og uppátæki þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

29. desember



Þeir Jason Momoa og Ben Affleck sýndu tennurnar á forsyningu *Justice League* í Dolby-kvikmyndahúsinu í Hollywood 13. nóvember, þar sem þeir leika þá Aquaman og Batman.



Jennifer Lawrence laumar sér hér inn í myndatöku af Emmu Stone á AMPAS-verðlaunahátíðinni í Los Angeles 11. nóvember, en hún er undanfari Óskarsverðlaunanna á næsta ári.



Natalie Portman gefur hér á Jake Gyllenhaal auga á hátíð kvikmyndatökumanna í Los Angeles 10. nóvember, en þau eru miklir vinir síðan þau léku saman í myndinni *Brothers* árið 2009.



TOPP 20



1

Aulinn EG 3

Þegar þeim Gru og Lucy er sparkað úr starfi eftir að þau klúðra mikilvægu verkefni og skósvainarnir ákveða að yfirgefa Gru vegna skorts hans á glæpsamlegu innrætti ákveða þau Lucy að gera gott úr öllu og einbeita sér að heimilislífinu og uppeldi fösturætranna. En þá uppgötvur Gru að hann á tvíburabróður. Þriðja *Aulinn EG*-myndin hefur alls staðar slegið í gegn enda jafnskemmtileg og fyrri myndirnar tvær. Grín og fjór fyrir alla í fjölskyldunni.

Teiknimynd L



2

Spider-Man: Homecoming

Spider-Man: Homecoming er þriðja endurræsingin á sögunum um kóngulóarmanninn Peter Parker og hefst þar sem *Captain America: Civil War* endaði, þ.e. á bardaganum mikla þar sem Spider-Man blandaði sér övunt í baráttuna. Þetta er bráðfyndin öfurfetjumynd með miklum hasar og kostulegum uppákomum.

Ævintýri 12



3

Ég man þig

Ég man þig er nýjasta mynd Óskars Þórs Axelssonar sem gerði hina hörkugöðu *Svartur á leik* árið 2012, en hún er byggð á samnefndri skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, einni bestu spennusögu íslensks rithöfundar frá upphafi. *Ég man þig* er ein vinsælasta mynd ársins í kvikmyndahúsum, mynd sem allir ættu að sjá.

Spenna / Tryllir 16



4

Kaffeinn Ofurbrok

Þessi bráðskemmtilega teiknimynd er byggð á samnefndum teiknimyndasögum sem flestir þekjka og segir frá þrókunum Georg og Harold sem ákveða að daleiða skólastjórn sinn, hinn öngu og stranga herra Krupp, og láta hann halda að hann sé Kaffeinn Ofurbrok, öfurfetja sem allt getur.

Teiknimynd L



5

Strumparnir og gleymda þörpið

Þegar Strympa verður vör við að oknunum augu eru að stara á hana í nágrenni Strumpabors og finnur í framhaldinu dularfullt kort sem gefur til kynna að Strumparnir séu ekki einu íbúarnir í skóginum ákveða hún, Gáfnasturmpur, Kraftasturmpur og Klaufasturmpur að kanna málið nánar.

Teiknimynd L



6

Atomic Blonde

Þegar breskur njósnari er myrtur í Berlín ákveður leyniþjónustan MI6 að senda á vettvang sína bestu konu, hina eitilhörðu Lorraine sem er langt frá því að vera lamb að leika sér við þótt hún viti svo sem eins og flestir aðrir að starfið muni eflaust verða henni að aldurtíla að lokum. Vonandi ekki í dag samt.

Spenna / Hasar 16



7

War for the Planet of the Apes

Eftir að apaflokkur Caesars verður fyrir miklum skaða í árásum hersveitar undir stjórn hins illvíga Colonels ákveður Caesar að eina vörn sinn sé falin í sókn og segir í framhaldinu Colonel og mönnum hans miskunnarlaust stríð á hendur. Æsispennandi mynd og sú besta í seríunni til þessa að margra mati.

Spenna / Hasar 12



8

Dýrin í Hálsaskógi

Þessi nýja brúðumyndaútgáfa af *Dýrunum í Hálsaskógi* eftir Thorbjörn Egner hefur verið kölluð meistaraverk en hún sló aðsóknarmet í kvikmyndahúsum og er talset á íslensku. Mikki refur, Lilli Klífurmus, Héfastubbur bakari og allar hinar skritnu og skemmtilegu persónurnar í sögunni koma öllum í gott skap.

Brúðumynd L



9

Baby Driver

Baby Driver er nýjasta mynd hins frumlega áleikstjóra Edgars Wright sem sló í gegn með myndum eins og *Shaun of the Dead*, *Hot Fuzz*, *The World's End* og *Scott Pilgrim vs. the World* og segir frá bilstjóra glæpangengis sem vill losna úr því en neyðist til að vera með í einu ráni enn. Spenna og hasar með gamansömu ívaði.

Hasar / Spenna 16




10

Wonder Woman

Eftir að Diana prinsessa af Themyscira bjargar lífi breska flugmannsins Steve Trevor árið 1915 segir hann henni af styrjöldinni í Evrópu sem leiðir til þess að Diana ákveður að blanda sér í slaginn og bjarga eins mörgum mannslífum og hún getur. Frábær öfurfetjumynd, ein sú albesta hingað til, spennandi og myndin.

Hasar / Ævintýri 12



11

Storkurinn Rikki

Storkurinn Rikki er fjórugi, myndið og afar vel teiknað ævintýri þar sem flestar persónurnar eru fuglar af öllum gerðum. Hér segir af þrestinum Rikka sem elst upp hjá storkum eftir að hafa dottið úr eigin hreiðri og heldur því að hann sé storkur. En þegar fjölskylda hans flygur suður til vetursetu kemur babb í bátinn.

Teiknimynd L



12

Stóra Stökkíð

Felice er ellefu ára gömul stúlka sem býr á munaðarleysingjahæli í Bretagne-héraði Frakklands. Hana dreymir um að gerast ballettdansmaður og ákveður dag einn að fara til Parísar ásamt bestu vini sínum, Victor, og láta reyna á danshæfileika sína. Fyndin, hugljúf, rómantísk og umfram allt vel gerð og góð teiknimynd.

Teiknimynd L



13

Stubbur stjóri

Hér segir frá töffaranum Stubbli sem fæðist með allt á hreinu og klár í slaginn og það fyrsta sem hann þarf að gera ásamt bróður sínum og nokkrum öðrum hvítvöðungum er að stöðva helstu samkeppniskrútt allra barna, holpana! Myndin er gerð af Tom McGrath, þeim sama og gerði *Madagascar*-myndirnar.

Teiknimynd L



14

The Mummy

Eftir að ævintýrarmáðurinn Nick Morton finnur fyrir tilviljun kistu hinnar fornu egyptsku prinsessu Ahmanet sem var grafin lífandi á sínum tíma fyrir hrottalegan glæp ákveður hann að fylgja múmíu hennar til Lundúna. Það hefði hann ekki átt að gera! Tom Cruise í aðalhlutverki og hasarinn er svakalegur.

Ævintýri / Hasar 16




15

Bad Santa 2

Jólin nálgast og Willie Stokes er við sama heygardshornið og áður þar sem hann safnar peningum fyrir þágstadda en hirðir svo peninginn sjálfur. En Willie vill meira og þegar hinn smávaxni félagi hans Marcus kemur með tillögu um að rena vel stað góðgerðarsamtök ákveður Willie að slá til ásamt móður sinni, Sunny.

Gamanmynd 12



16

Everything, Everything

Everything, Everything er gerð eftir samnefndri metsúlaskáldsögu og segir frá ungru stúlku, Maddy, sem vegna bráðafnæmis fyrir hreinlega öllu verður að dvelja allan sólarhringinn í dauðhreinsoðum húskakynnum sem móðir hennar hefur útbúið. Þegar hún kynnist jafnalra útmúnum og nágranna breytist allt.

Drama / Rómantík 9



17

Höfnun konungsins

Höfnun konungsins er afar vönduð, vel sviðsett og afburðavél leikin mynd þar sem atburðunum á fyrstu dögum innrásar þýska hersins í Noreg í apríl 1940 eru gerð sannferðug skil. Myndin var framlag Norðmanna til Óskarsverðlauna 2017 og gerist öll á sömu stöðum og atburðirnir gerðust í raun.

Sannsögulegt 9



18

Þegar Tröllli stal jóluinum

Þegar Tröllli stal jóluinum er sigild saga eftir dr. Seuss sem segir frá ævintýraveröld í snjókjörni. Þar býr Tröllli (Jim Carrey) hátt uppi í fjöllum og lætur það fara í taugarnar á sér að í gamla heimabæ hans skuli ríkja gleði og glaðværð vegna komu jólnanna. Hann ákveður því að skemma jólin fyrir bæjarbúum.

Gaman / Ævintýri 6



19

POTC: Salazar's Revenge

Jack Sparrow lendir nú í sínum mesta lífsháska þegar illskettasti óvinur hans, hinn grimmi Salazar skipstjóri, flýr úr fordyri helvitis, staðráðinn í að ráða niðurlögum allra sjóræningja og þá sérstaklega Jacks Sparrow sem bar ábyrgð á dauða hans. Stórskemmtileg mynd og sennilega sú síðasta í seríunni.

Ævintýri / Hasar 12



20

Baywatch

Strandverðinum Mitch Buchannon list ekkert á nýjan líðsmann teymis síns, Matt Brody, sem skartar tveimur gullverðlaunum en virðist lífið annað hafa til brunns að bera. En þegar þeir Mitch og Matt komast á snóður um lævissa tilraun til að sölsa undir sig ströndina neyðast þeir til að snúa bókum saman.

Gamanmynd 12

**NJÓTUM
SAMAN
UM JÓLIN**

